



Maí 2021

HVATARBLAÐIÐ

Umsjón með leikjanámskeiði.

Ungmennafélagið Hvöt óskar eftir því að ráða umsjónarmenn með sumarnámskeiði í júní.

Áhugasamir sendi umsóknir eða fyrirspurnir á umfhvot@gmail.com



Kveðja
Stjórn Ungmennafélagsins Hvatar



**502. fundur Sveitarstjórnar
Grímsnes- og Grafningshrepps
7. apríl 2021 kl. 13:00 - 16:30
Stjórnsýsluhúsinu Borg**

Sveitarstjórn

Ása Valdís Árnadóttir
Björn Kristinn Pálmarsson
Smári Bergmann Kolbeinsson
Ingibjörg Harðardóttir
Bjarni Þorkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

Viðauki við fjárhagsáætlun 2021.

Fyrir liggur að áætlaðar fjárfestingar sveitarfélags við hreinsimannvirki í Ásborgum muni kosta töluvert meira en áætlun gerir ráð fyrir. Jafnframt kom upp bilun í vatnsveitu sveitarfélagsins um páskana sem kosta mun einhverja fjármuni og ekki er gert ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlun ársins. Sveitarstjóra falið að vinna viðauka við fjárhagsáætlun 2021 í samræmi við umræður á fundinum og leggja hann fyrir á næsta fundi sveitarstjórnar.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 91. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 22. mars 2021.

Mál nr. 2 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 2: Skóladagatal, síðari umræða.

Fyrir liggja tvær tillögur að skóladagatali Kerhólsskóla veturinn 2021 – 2022. Önnur tillagan miðast við að starfsmenn fari í námsferð í apríl 2022 en hin miðast við að ekki verði hægt að fara í ferðina. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða báðar tillögur að skóladagatali 2021-2022.

b) Fundargerð 26. fundar fjallskilaneftndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 8. mars 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð 27. fundar fjallskilaneftndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 15. mars 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð 214. fundar Skipulagsneftndar Uppsveita, 24. mars 2021.

Mál nr. 14, 15, 16, 17, 18, 19, 20, 21 og 27 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 214. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 24. mars 2021. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 14: 2101030 - Grímkelsstaðir 21(L170864); umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaður – viðbygging.

Fyrir liggur umsókn um byggingarleyfi vegna viðbyggingar við sumarbústað að Grímkelsstöðum 21. Athugasemdir bárust við grenndarkynningu málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn telur að framlagðar athugasemdir hafi ekki áhrif á veitingu byggingarleyfis fyrir umsóttri viðbyggingu. Athugasemdum vegna tæknilegra atriða innan gagnanna og er varðar smáhýsi á lóðarmörkum er vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 15: 2011059 - Stangarbraut 20 L202435; Breyting á byggingareit; Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur deiliskipulagsbreyting vegna Stangarbrautar 20, L202435, eftir grenndarkynningu. Athugasemdir bárust á kynningartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn hafnar fyrirbyggjandi deiliskipulagsbreytingu eftir grenndarkynningu. Sveitarstjórn telur að hagsmunum aðliggjandi lóðar geti verið ógnað með breytingunni enda sé um breyttar forsendur frá núgildandi skipulagi að ræða og er varðar staðsetningu húss á Stangarbraut 20. Sveitarstjórn mælist til þess að umsækjandi fari að núverandi skilmálum deiliskipulagsins.

Mál nr. 16: 2103059 - Hestur L168251; Hestur 8; Stofnun lóðar.

Fyrir liggur umsókn Jóhönnu Sigurjónsdóttur f.h. Jarðarinnar Hests ehf, dags. 25. febrúar 2021, þar sem óskað er eftir að stofna lóðina Hestur 8 úr jörðinni Hestur, L168251. Lóðin er innan deiliskipulags frístundabyggðar í landi Hests en afmörkun lóðarinnar skv. mæliblaði er ekki í samræmi við afmörkun á skipulagi þar sem komið hefur í ljós að lóðin skv. skipulagi skarast við aðliggjandi óskipt svæði, sem nær yfir 3 lóðir L168518-520, skv. afsali.

Sveitarstjórn hafnar samhljóða stofnun lóðarinnar og telur að gera þurfi óverulega breytingu á deiliskipulagi þar sem gerð verður grein fyrir breyttri legu lóðarinnar.

Mál nr. 17: 2003014 - Torfastaðir 1 L170828; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting.

Fyrir liggur tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna Torfastaða 1 í Grafningi. Í tillögunni felst að landnotkun á um 25 ha svæði innan jarðarinnar Torfastaða er breytt úr landbúnaðarlandi í frístundabyggð. Lýsing tillögunnar var kynnt 7. - 28. október. Umsagnir sem bárust vegna lýsingar eru lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 18: 2103061 - Torfastaðir 1 L170828; Breytt landnotkun; Frístundabyggð; Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur tillaga deiliskipulags vegna frístundabyggðar í landi Torfastaða 1, L170828. Í deiliskipulaginu felst skilgreining frístundalóða á um 25 ha svæði innan jarðarinnar. Samhlíða er unnið að breytingu aðalskipulags.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

Mál nr. 19: 2103063 - Kiðjaberg lóð 9 L204189; Stækkun byggingarreits; Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn frá Gunnari Bergmann Stefánssyni og Andrew Moroz er varðar breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Kiðjabergs. Í breytingunni felst tilfærsla á byggingarreit innan lóðar Kiðjabergs lóðar 9, L204189.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins með fyrirvara um lagfærð gögn og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynt næstu nágrönnum.

Mál nr. 20: 1907038 - Grafningsafréttur (L223942); umsókn um byggingarleyfi; vindmælímastur.

Fyrir liggur umsókn Norconsult ehf. fyrir hönd Zephyr Iceland ehf. um framlengingu á byggingarleyfi til júlí 2022. Byggingarleyfi var veitt þann 9. júlí 2019 til 15 mánaða vegna uppsetningar á búnaði til að mæla vindaðstæður á Mosfellsheiði á lóðinni Grafningsafréttur, L223942 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlengingu byggingarleyfis með fyrirvara um jákvæða umsögn flugmálayfirvalda. Berist engar athugasemdir er málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 21: 2103074 - Stóra-Borg lóð 7 L218051; Breyting á landnýtingu; Aðalskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn frá Gunnlaugi Stefánssyni er varðar breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshreypps. Í breytingunni felst minnkun á skilgreindu frístundasvæði innan lands Stóru-Borgar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið verði tekið til umfjöllunar við heildarendurskoðun aðalskipulags sem nú stendur yfir.

Mál nr. 27: 2103002F – Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 21-139.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. mars 2021.

e) Fundargerð 84. fundar stjórnar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs., 10. mars 2021.

Mál nr. 5 og 6 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 84. fundar stjórnar byggðasamlags UTU, dagsett 10. mars 2021. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar;

Mál nr. 5: Drög að samþykktum UTU vegna stöðuleyfa.

Fyrir liggja drög að samþykktum UTU vegna stöðuleyfa. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi drög.

Mál nr. 6: Drög að gjaldskrá byggingarfulltrúa UTU.

Fyrir liggja drög að gjaldskrá byggingarfulltrúa UTU. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta afgreiðslu málsins og óskar eftir kynningu frá byggingarfulltrúa.

f) Fundargerð oddvitanefndar vegna reksturs Seyrustaða á Flúðum, 10. mars 2021.

Mál nr. 1 og 2 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð oddvitanefndar vegna reksturs Seyrustaða á Flúðum, dagsett 10. mars 2021. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Drög að endurnýjun á samstarfssamningi.

Fyrir liggur að starfshópur á vegum aðildarsveitarfélaga seyruverkefnisins var skipaður þann 6. október 2020 og samanstóð af sveitarstjórum Bláskógabyggðar, Hrunamannahrepps og Grímsnes- og Grafningshrepps. Hópurinn greindi og reiknaði út fjárhagsleg atriði rekstursins og lagði til út frá þeirri vinnu að fastur kostnaður á sveitarfélögin væri 7% af heildarkostnaði við þjónustufulltrúa, 7% af heildarkostnaði við seyrubíl/hreinsibífreið og 20% af heildarkostnaði við af rekstri Seyrustaða. Tillaga starfshópsins var lögð fram á fundi oddvitanefnar UTU þann 27. nóvember 2020. Þessi kostnaðarskipting var ekki samþykkt af öllum sveitarfélögunum og við tóku nýjar umræður. Á fundinum sem haldinn var 10. mars fóru því áfram fram miklar umræður um verkefnið og þá enn og aftur einna helst um kostnaðarskiptinguna. Niðurstaða fundarins var sú að föstum kostnaði verði skipt niður eftirfarandi: 7% af heildarkostnaði við þjónustufulltrúa, 5% af heildarkostnaði við af seyrubíl og 7% af heildarkostnaði við rekstri Seyrustaða.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða kostnaðarskiptinguna og samstarfssamninginn og vill jafnframt leggja til við seyrustjórn að eitt af fyrstu verkefnum hennar verði að setja niður sögu, stefnu, markmið, rekstrarfyrirkomulag og tilgang verkefnisins svo hægt verði að huga að framtíðaráformum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra/oddvita að skrifa undir samstarfssamninginn, lóðarleigusamninginn og skiptayfirlýsinguna. Gerð er athugasemd við tilgreind landnúmer og fastanúmer eignarinnar að Flatholti 2 í lóðarleigusamningnum og skiptayfirlýsingunni.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Ása Valdís Árnadóttir verði fulltrúi Grímsnes- og Grafningshrepps í seyrustjórn og að Ingibjörg Harðardóttir verði til vara.

Mál nr. 2: Önnur mál.

Hrunamannahreppur, sem umsjónarsveitarfélag verkefnisins, óskar eftir því að aðildarsveitarfélögin samþykki fjárfestingu á árinu 2021 að fjárhæð kr. 3,0 millj. til að hægt sé að tengja saman botnplötu hreinsimannvirkja við innkeyrsludyr Seyrustaða á Flúðum.

Sveitarstjórn hafnar samhljóða fjárfestingunni þar sem ekki er gert ráð fyrir henni í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og leggur til að gert verði ráð fyrir henni í fjárhagsáætlun næsta árs, 2022.

g) Fundargerð 7. fundar Oddvitanefndar uppsveita Árnæssýslu, 29. mars 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð 47. fundar Skólapijónustu- og velferðarnefndar Árnessþings, 10. mars 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Fundargerð 27. fundar Stjórnar Bergrisans, 3. mars 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

j) Fundargerð 28. fundar Stjórnar Bergrisans, 19. mars 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

k) Fundargerð 19. fundar Stjórnar Byggðasafns Árnesinga, 15. mars 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

l) Fundargerð 11. fundar byggingarnefndar Búðarstígs 22, 15. mars 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

m) Fundargerð 210. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 12. mars 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

n) Fundargerð 300. fundar Sorpstöðvar Suðurlands, 22. febrúar 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

o) Fundargerð 568. fundar Stjórnar SASS, 24. mars 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

p) Fundargerð 896. fundar Stjórnar Samband íslenskra sveitarfélaga, 26. mars 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

q) Fundargerð 45. Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, 12. mars 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Úrskurður nr. 127/2020 frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Fyrir liggur úrskurður frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 127/2020 þar sem kærð var ákvörðun sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 4. nóvember 2020 um að synja umókn um breytingu á deiliskipulagi Farborg í landi Miðengis vegna lóðanna Grýluhrauns 1,3 og 5.

Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar er að ákvörðun sveitarstjórnar var felld úr gildi.

Sveitarstjórn vísar málinu til skipulagsnefndar uppsveita.

4. Tölvupóstur frá Eðvarð Sigurvin Ólafssyni þar sem óskað er eftir lægri gjöldum hitaveitu.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Eðvarð Sigurvin Ólafssyni, dags. 24. mars 2021 þar sem óskað er eftir lækun á fastagjaldi Hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps vegna lítillar notkunar.

Sveitarstjórn hafnar samhljóða erindinu og áréttar að fara þarf eftir auglýstri gjaldskrá Hitaveitunnar.

5. Ársskýrsla 2020 frá Hjálparsveitinni Tintron.

Fyrir liggur ársskýrsla frá Hjálparsveitinni Tintron vegna ársins 2020. Ársskýrslan lögð fram til kynningar.

6. Bréf frá Skipulagsstofnun vegna ákvörðunar um matsskyldu á tilraunaförgun á koldíoxíði og brennisteinsvetni frá Nesjavallavirkjun.

Fyrir liggur bréf frá Skipulagsstofnun, dagsett 24. mars 2021 vegna ákvörðunar um matsskyldu á tilraunaförgun á koldíoxíði og brennisteinsvetni frá Nesjavallavirkjun. Bréfið lagt fram til kynningar.

7. Stöðuskýrsla nr. 12 frá uppbyggingarteymi félags- og atvinnumála vegna Covid-19.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Maríu Ingibjörgu Kristjánsdóttur hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga, dags. 25. mars 2021, þar sem kynnt er 12. stöðuskýrsla teymis um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19. Skýrslan lögð fram til kynningar.

8. Bókun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga ásamt minnisblaði um aðgerðaráætlun sveitarfélaga til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf og heimili.

Fyrir liggur bréf frá framkvæmdarstjóra Sambands Íslenskra sveitarfélaga f.h. stjórnar, dagsett 30. mars 2021 ásamt minnisblaði um aðgerðaráætlun sveitarfélaga til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf og heimili. Lagt fram til kynningar.

9. Bréf frá framkvæmdastjóra Bændasamtaka Íslands þar sem skorað er á sveitarfélög til að nota innlend matvæli í skólamáltíðir.

Fyrir liggur bréf frá framkvæmdastjóra Bændasamtaka Íslands, dagsett 16. mars 2021 þar sem skorað er á sveitarfélög til að nota innlend matvæli í skólamáltíðir. Bréfið lagt fram til kynningar.

10. Bréf frá framkvæmdarstjóra Samtaka iðnaðarins þar sem skorað er á hvert og eitt sveitarfélag að endurskoða álagningu stöðuleyfisgjalda í kjölfar úrskurða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og leiðbeininga Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Fyrir liggur bréf frá framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins, dagsett 15. mars 2021 þar sem skorað er á hvert og eitt sveitarfélag að endurskoða álagningu stöðuleyfisgjalda í kjölfar úrskurða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og leiðbeininga Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Bréfið lagt fram til kynningar.

11. Bréf frá Ungmennaráði UMFÍ þar sem kynnt er ungmennaráðstefnan „Ungt fólk og lýðræði 2021“ og viðburðurinn „Samtal ungmennaráða“.

Fyrir liggur bréf frá Ungmennaráði Íslands, dagsett í mars 2021 þar sem kynnt er ungmennaráðstefnan „Ungt fólk og lýðræði 2021“ og viðburðurinn „Samtal ungmennaráða“.

Bréfið lagt fram til kynningar.

12. Umhverfis- og auðlindaráðuneyti kynnir til samráðs mál nr. 86/2021, „Breyting á reglugerð um verndun vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns“.

Reglugerðin lögð fram til kynningar.



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá kl. 8.00 – 15.00 alla virka daga. Tímাপantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga – fimmtudaga.

Athugið að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf að liggja fyrir.

Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is



**503. fundur Sveitarstjórnar
Grímsnes- og Grafningshrepps
21.04 kl. 09:00 - 15:05 í
Stjórnsýsluhúsinu Borg**

Sveitarstjórn

Ása Valdís Árnadóttir
Björn Kristinn Pálmarsson
Smári Bergmann Kolbeinsson
Ingibjörg Harðardóttir
Bjarni Porkelsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir

Oddviti leitar afbrigða.

Samþykkt samhljóða

a) 2102075 - Minni-Borg lóð B L198597; 14 byggingareitir verði lóðir; Deiliskipulagsbreyting.

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 8. fundar veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 9. nóvember 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 9. fundar veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 23. nóvember 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð 10. fundar veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 1. mars 2021.

Mál nr. 6 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 6: Tengingar hitaveitu 2021.

Farið var yfir stöðu á tengingum hitaveitunnar og breytingar á borholudælu sem hafa skilað árangri. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að heimila aftur nýtingingar hitaveitu í þeim hverfum sem hitaveita er nú þegar til staðar.

d) Fundargerð 11. fundar veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 26. mars 2021.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Verð í aðalhönnun á viðbyggingu íþróttamiðstövar.

Fyrir liggja þrjú tilboð í verkið, frá Arkís kr. 3.980.698, Pro-Ark kr. 4.950.000 og Teiknistofunni Tröð kr. 2.948.000. Þjóðendur voru metnir út frá reynslu í svipuðum verkefnum og eftir yfirferð ferilskráa leggur veitunefnd til að samþykkja tilboð frá Arkís. Arkís hefur mesta reynslu af svipuðum verkefnum og notast við BIM í hönnun.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gengið verði til samninga við Arkís. Oddvita / sveitarstjóra falið að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.

e) Fundargerð 215. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 15. apríl 2021.

Mál nr. 15, 16, 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 24, 25, 26, 27 og 36 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 215. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 15. apríl 2021. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 15: Tjarnarhólar; Útivistar og göngusvæði; Deiliskipulag - (1910010).

Fyrir liggur deiliskipulagsuppráttur vegna Tjarnarhóla í Grímsnes- og Grafningshreppi eftir auglýsingu. Athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og var afgreiðslu málsins frestað á 204. fundi skipulagsnefndar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Brugðist hefur verið við athugasemdum og umsögnum sem bárust vegna málsins á fullnægjandi hátt að mati sveitarstjórnar.

Deiliskipulagið mun taka gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 16: Neðan-Sogsvegur 4 L169505; Norðurkot; Minnkun á byggingarreit; Deiliskipulagsbreyting; Kæra til ÚUA - (2103089).

Lögð er fram stjórnsýslukæra til kynningar er varðar

deiliskipulagsbreytingu sem tekur til Neðan-Sogsvegur 4 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela skipulagsfulltrúa að svara kærinni í samráði við lögmann sveitarfélagsins, Óskar Sigurðsson hrl.

Mál nr. 17: Nesvegur 8 L205647; Þakhalli og aukahús;

Deiliskipulagsbreyting - (2103084).

Fyrir liggur umsókn frá Ólafi Vigfússyni og Maríu Önnu Clausen, dags.

19. mars 2021 er varðar breytingu á deiliskipulagi við Nesveg við Höskuldslæg í landi Vaðness. Í breytingunni felst að þakhalli gestahúss verði heimilaður 0-45° og að gestahús/aukahús megi vera allt að 40 fm. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

Mál nr. 18: Leynir L230589; Miðengi; 8 frístundahúsalóðir;

Deiliskipulag - (2103106).

Fyrir liggur umsókn frá Viðhaldsfélaginu ehf. og Stefáni Páli Jónssyni, dags. 26. mars 2021 er varðar deiliskipulagningu frístundahúsalóða innan landsins Leynir L230589 úr landi Miðengis. Samkvæmt

deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 8 frístundahúsalóðum að stærðinni frá 5.948 fm til 7.491 fm.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi með fyrirvara um lagfæringu gagna er varðar brunavarnir og götuheiti. Málið verður auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 19: Suðurkot L168285; Suðurkot 1; Stofnun lóðar - (2103069).

Fyrir liggur umsókn Auðar Ólafsdóttur, dags. 14. mars 2021 er varðar stofnun 9.072,6 fm lóðar úr landi Suðurkots L168285. Í umsókninni felst stofnun lóðar í kringum fasteignina Suðurkot (á lóðarblaði nefnd Suðurkot 1) svo umsækjandi geti gengið frá eignaskiptum á fasteigninni. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn. Ekki eru gerðar athugasemdir við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga.

Mál nr. 20: Hestur lóð 132 L168638; Hækkun hámarkshæðar; Deiliskipulagsbreyting - (2103107).

Fyrir liggur umsókn frá Sigurði Ágústi Hjartarsyni, dags. 26. mars 2021 er varðar breytingu á deiliskipulagi frístundasvæðis að Hesti. Í breytingunni felst hækkun á hámarkshæð bygginga í 4,40 metra. Núverandi deiliskipulagsskilmálar svæðisins er varðar hámarks hæð segja: Hæð útveggja frá gólfi upp í efri brún sperru skal mest vera 3,40 m. Þakhalli skal vera frjál.

Sveitarstjórn telur að skilmálar er varðar hámarkshæð bygginga innan skipulagssvæðisins séu óljósir og vill að hámarks mænishæð verði skilgreind innan deiliskipulagssvæðisins.

Sveitarstjórn hafnar fyrirliggjandi umsókn en felur skipulagsfulltrúa að annast gerð skilmálabreytinga í samráði við sumarhúsafélag svæðisins.

Mál nr. 21: Miðborgir - Miðengi; Frístundabyggð; Flóttaleið; Fyrirspurn - (2103109).

Lögd er fram fyrirspurn vegna flóttaleiðar frá frístundasvæði Borgarleyni – Miðborgum að Biskupstungnabraut. Fyrir liggur samþykki frá stjórn Skógræktarfélagsins vegna nýtingar á vegi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við skilgreiningu flóttaleiðar frá svæðinu og leggur til að unnin verði óveruleg breyting á deiliskipulagi þar sem gert verði grein fyrir flóttaleiðinni. Leitað verði umsagnar og samráðs við Vegagerðina vegna málsins.

Mál nr. 22: Grýluhraun 1, 3 og 5; Farborgir; Sameining lóða; Kæra til ÚUA - (2012008).

Lagður er fram úrskurður ÚUA vegna synjunar á sameiningu lóða að Grýluhrauni 1, 3 og 5 í landi Farborgar.

Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að annast samskipti við umsækjendur um endurupptöku málsins á grundvelli úrskurðar ÚUA.

Mál nr. 23: Kiðjaberg lóðir 108, 109, 110, 111 við Kamba;

Leiðrétting; Deiliskipulagsbreyting - (2101063).

Fyrir liggur deiliskipulagsbreyting vegna leiðréttingar á lóðarmörkum lóða Kiðjabergs 108, 109, 110 og 111 við Kamba eftir grenndarkynningu. Athugasemir bárust við breytinguna eftir að athugasemdafresti lauk auk þess sem athugasemdir bárust áður við

breytingu er varðar stækkun á byggingarreit á lóð 110 sem sameinaðist viðkomandi máli. Athugasemdir lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi deiliskipulagsbreytingu eftir grenndarkynningu. Sveitarstjórn telur að viðkomandi breyting sé í takt við þinglýst gögn lóða á svæðinu og felur embætti Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs. setja út mörk lóða sem athugasemdir snúa að. Sveitarstjórn telur jafnframt að stækkun byggingarreitar á lóð 110 hafi ekki í för með sér grenndaráhrif fyrir lóð 111 og eru því ekki gerðar athugasemdir við þá breytingu. Deiliskipulagið mun taka gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda og verður sent Skipulagsstofnun til varðveislu. Skipulagsfulltrúa falið að kynna þeim sem gerðu athugasemdir niðurstöðu sveitarstjórnar og kæruleiðir.

Mál nr. 24: Úlfjótssvatn L170830; Gróðursetning; Framkvæmdaleyfi - (2104005).

Fyrir liggur umsókn frá Skógræktarfélagi Ísland, dags. 31. mars 2021 er varðar framkvæmdaleyfi. Í framkvæmdinni felst skógrækt á 171 ha í Úlfjótssvæði. Fyrirhugað er að nýta svæðið sem útivistarsvæði. Gert er ráð fyrir að gróðursetja 430 þúsund trjáplötur af ymsum tegundum í samræmi við umsókn.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða heimild til skipulagsfulltrúa fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli heimilda aðalskipulags sveitarfélagsins er varðar skógrækt á opnum svæðum. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/200 1. viðauka lið 1.07 er gert ráð fyrir því að nýræktun skóga á allt að 200 ha svæði sem breyti fyrri landnotkun sé tilkynningarskyld í C flokki. Sveitarstjórn telur framlögð gögn uppfylla skilyrði er varðar tilkynningarskyldu málsins vegna umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar.

Mál nr. 25: Lundaeyjarsund 4 L168718; Skilmálar; Stálvirki; Deiliskipulagsbreyting - (2104009).

Fyrir liggur umsókn frá Huldu Ólafsdóttur, dags. 29. mars 2021 er varðar breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar innan Hraunborga í Grímsnesi. Í breytingunni felst að krafa um að hús skuli byggð úr timbri verði felld út úr skipulagsskilmálum og gert verði ráð fyrir því að byggja megi hús úr stálvirki einnig.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins og að heimilt verði að byggja úr timbri, stáli eða öðrum léttum byggingarefnum innan deiliskipulagsins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi. Leitast verði við að kynna breytinguna sérstaklega fyrir sumarhúsafélagi svæðisins sé það til staðar á svæðinu.

Mál nr. 26: Hraunkot (L168252); tilkynningarskyld framkvæmd; fjarskiptamastur - (2103091).

Fyrir liggur umsókn Gauta Þorsteinssonar, f.h. Mílu ehf. að setja upp fjarskiptamastur og skáp á jörðina Hraunkot L168252 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar

óverulega breytingu á deiliskipulagi. Ekki er gert ráð fyrir fjarskiptamastri á viðkomandi svæði innan gildandi deiliskipulags fyrir Hraunkot og telur því sveitarstjórn nauðsynlegt að unnin verði breyting á deiliskipulaginu þar sem gert sé ráð fyrir byggingarreit og/eða lóð fyrir umsótt mastur innan svæðisins. Málið verði grenndarkynnt þegar lagfærð gögn berast embætti UTU í samræmi við bókun sveitarstjórnar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar og eftir að breyting hefur tekið gildi með birtingu auglýsingar í B-deild stjórnartíðinda skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 27: Stangarbraut 20 L202435; Breyting á byggingareit; Deiliskipulagsbreyting - (2011059).

Fyrir liggur deiliskipulagsbreyting vegna Stangarbrautar 20, L202435 eftir grenndarkynningu. Málið var afgreitt á 214. fundi skipulagsnefndar þar sem málinu var hafnað eftir grenndarkynningu vegna athugasemda frá lóðarhöfum lóðar Stangarbrautar 18. Nú hefur umsækjandi fest kaup á lóð Stangarbraut 18 sbr. meðfylgjandi afsal og falla því framkomnar athugasemdir niður að beiðni hins nýja eiganda. Málið tekið til afgreiðslu á nýjan leik eftir grenndarkynningu, engar aðrar athugasemdir bárust á kynningartíma deiliskipulagsbreytingar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi deiliskipulag eftir grenndarkynningu. Brugðist hefur verið við athugasemdum og umsögnum sem bárust vegna málsins. Deiliskipulagið mun taka gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 36: Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 21-140.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 7. apríl 2021.

f) Fundargerð nefndar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árnesþingi (NOS), 14. apríl 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 1. fundar vinnuhóps um uppbyggingu hjúkrunarheimilis í uppsveitum Árnessýslu, 16. febrúar 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar

2. Viðauki við fjárhagsáætlun 2021.

Fyrir liggur viðauki við fjárhagsáætlun 2021.

Færðar eru 15 milljónir á milli liða innan fjárhagsáætlunar vegna aukins kostnaðar við skipulagsvinnu í sveitarfélaginu, m.a. vegna iðnaðarlóða, aðal- og deiliskipulagsvinnu sveitarfélagsins og deiliskipulagsvinnu fyrir golfvöllinn og svæðið þar í kring.

Fengið hefur verið tilboð í áætlaðar fjárfestingar sveitarfélags við hreinsimannvirki í Ásborgum og munu fjárfestingarnar kosta 10 milljónum meira en áætlun gerir ráð fyrir. Jafnframt kom upp bilun í vatnsveitu sveitarfélagsins um páskana sem áætlað er að kosta muni 4 milljónir. Þessar fjárhæðir eru settar í viðauka við fjárhagsáætlun ársins. Ekki er gert ráð fyrir lántöku vegna þessa heldur verður þessi viðbót tekin af handbæru fé sveitarfélagsins

3. Minnisblað og starfslýsing vegna verkefnastjóra Heilsueflandi samfélags.

Fyrir liggur að sveitarstjórn hefur samhljóða ákveðið að afturkalla stjórnvaldsákvörðun sína um áframhaldandi þátttöku í samstarfi um verkefnastjóra heilsueflandi samfélags með uppsveitum. Vegna breytinga á starfsmannamálum sveitarfélagsins hefur sveitarstjórn ákveðið að auglýsa eftir heilsu- og tómstundafulltrúa í 75 – 100% starf nú í vor sem mun sjá um verkefnastjórn fyrir heilsueflandi samfélag, starf eldri borgara og tómstundastarf fyrir börn og ungmenni í sveitarfélaginu. Oddvita og sveitarstjóra falið að ræða við samstarfssveitarfélögin um framhaldið og sameiginleg verkefni

4. Drög að gjaldskrá byggingarfulltrúa UTU.

Fyrir liggja drög að gjaldskrá byggingarfulltrúa UTU. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi drög.

Gert var fundarhlé milli kl. 11:00 og 13:00

5. Samþykkt um fráveitur í Grímsnes- og Grafningshreppi, fyrri umræða.

Fyrir liggur samþykkt um fráveitur í Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn vísar samþykktinni til annarrar umræðu.

6. Tilboð í verkið „Endurnýjun lagnar að Björk“.

Fyrir liggur niðurstaða verðkönnunar í endurnýjun hitaveitulagnar að Björk. Þrjú tilboð bárust, frá Jóni Ingileifssyni ehf. kr. 8.025.500, Ólafi Jónssyni kr. 7.345.330 og Suðurtak ehf. kr. 5.892.500. Kostnaðaráætlun í verkið hljóðaði upp á kr. 7.990.000. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka lægsta tilboði, frá Suðurtak ehf. Oddvita falið að undirrita samninginn.

7. Samningur um hirðingu túna sveitarfélagsins í landi Stóru-Borgar.

Fyrir liggur að tún sveitarfélagsins í landi Stóru-Borgar voru í mars s.l. auglýst til afnota sumarið 2021 með möguleikum á framlengingu.

Ein umsókn barst frá Antoníu Helgu Guðmundsdóttur og liggja fyrir drög að samningi við hana um hirðingu túnanna.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi drög og felur sveitarstjóra / oddvita að undirrita samninginn.

8. Úrskurður nr. 128/2020 frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Fyrir liggur úrskurður frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 128/2020 þar sem kærð var ákvörðun sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 20. maí 2020 um beiðni um leiðréttingu á deiliskipulagi fyrir frístundahúsasvæði í landi Ásgarðs.

Eigandi lóðarinnar að Þórsstíg 3 óskaði eftir því með tölvupósti 9. maí

2020 að leiðrétt yrði það sem hann taldi vera skipulagsmistök í landi Ásgarðs. Lögmaður sveitarfélagsins svaraði erindi viðkomandi fyrir hönd sveitarfélagsins þann 22. maí 2020. Lóðareigandi beiindi kæru til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis sem síðan framsendi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála kærana með bréfi 4. desember 2020. Með úrskurði nefndarinnar 30. mars s.l. var kærumálinu vísað frá. Í niðurlagi úrskurðarins er vísað til þess að sveitarstjórn eigi eftir að taka lokaákvörðun í skilningi stjórnsýslulaga vegna málsins. Af þeim sökum tekur sveitarstjórn fram að lóðareigandi er ósáttur við að ekki sé samræmi milli tilgreiningu á lóðarstærð í afsalsgerningi hans og Búgarðs ehf. frá árinu 2001 annars vegar og í deiliskipulagi svæðisins hins vegar. Fyrirgreind lóð er úr jörðinni Ásgarði í Grímsnes- og Grafningshreppi. Í nóvember árið 1997 var samþykkt deiliskipulag fyrir frístundabyggðina á jörðinni Ásgarði og voru þá afmarkaðar lóðir við götur sem heita Þórsstígur og Óðinsstígur. Skipulagið var unnið af Búgarði ehf., eiganda jarðarinnar Ásgarðs. Búgarður ehf. seldi síðan lóðir úr landinu. Þann 20. febrúar 1999 seldi félagið lóðina að Þórsstíg 1 til Þórólfs Magnússonar. Samkvæmt afsali viðkomandi aðila var lóðin tilgreind 10.000 fermetrar að stærð en í þágildandi deiliskipulagi var stærð lóðar tilgreind 7.650 fermetrar. Búgarður ehf. seldi beiðanda síðan lóðina að Þórsstíg 3 þann 16. apríl 2001. Samkvæmt afsalinu var lóðin tilgreind 10.000 fermetrar að stærð en samkvæmt þágildandi deiliskipulagi var lóðin tilgreind 8.000 fermetrar. Síðar seldi Búgarður ehf. líka fleiri lóðir þar sem stærð lóða var tilgreind stærri í afsali en í þágildandi deiliskipulagi, sbr. t.d. sölu á lóðinni Óðinsstígur 7 árið 2004 en sú lóð var í afsali sögð 10.000 fermetrar en tilgreind stærð í þágildandi deiliskipulagi var 7.200 fermetrar. Ekki virðist hafa verið óskað eftir breytingu á þágildandi deiliskipulagi, hvorki af hálfu Búgarðs ehf. né lóðarhafa. Þá leiðir af dómafrákvæmd að kaupanda er skylt að kynna sér gildandi skipulag fyrir kaup. Samkvæmt upplýsingum sveitarfélagsins eignuðust nýir eigendur Búgarð ehf. árið 2005 og vann félagið tillögu að nýju deiliskipulagi sem samþykkt var sama ár. Náði deiliskipulagið yfir hluta þess svæðis sem áður hafði verið skipulagt og var þar m.a. gert ráð fyrir breytingu á nokkrum þegar stofnuðum frístundahúsalóðum við Óðinsstíg og Þórsstíg. Þau gögn sem eldra skipulagið var unnið eftir voru ekki eins nákvæm og síðar urðu aðgengileg og voru lóðir t.d. ekki hnitsett. Þetta breyttist með nýrri deiliskipulagstillögu sem unnið var ofan á upprétta hnitsetta loftmynd. Við gerð nýs deiliskipulags árið 2005 virðist sem landeigandi hafi ekki unnið með réttar upplýsingar hvað varðar afmörkun nokkurra lóða miðað við það sem hann hafði áður lýst í afsalsgerningum. Á því ber landeigandi sjálfur ábyrgð. Eins og fyrr greinir hefur samkvæmt þessu ekki verið samræmi milli tilgreindrar stærðar í afsalsgerningum Búgarðs ehf. og gildandi deiliskipulags og í eftirfarandi nýju deiliskipulagi. Að mati sveitarstjórnar er hér því fyrst og fremst um að ræða mál sem varðar samskipti

viðkomandi lóðareigenda og Búgarðs ehf. Hafi fasteign ekki þá eiginleika sem samið var um, þ.e. er ekki að þeirri stærð eða afmörkun sem tilgreint er í eignarheimild viðkomandi, þá er það mál sem seljandi þarf að leysa úr gagnvart kaupanda.

Skipulag á svæðinu var unnið af viðkomandi landeiganda samkvæmt heimild í skipulagslögum og þó að sveitarstjórn hafi samþykkt deiliskipulagstillögu viðkomandi landeiganda þá getur það ekki breytt eignarheimild einstaks lóðareiganda á svæðinu eða skapað sveitarfélaginu ábyrgð á ráðstöfun Búgarðs ehf. á sínum lóðum í gegnum tíðina.

Með vísan til framangreinds hafnar sveitarstjórn samhljóða beiðni eiganda lóðarinnar að sveitarfélagið „leiðrétti skipulagsvillu“ fyrir Þórsstíg 3. Lóðareiganda er bent á að leita til viðsemjanda síns, Búgarðs ehf., hvað umkvörtunarefni hans varðar.

9. Tölvupóstur frá Yfirfasteignamatnefnd þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins vegna kærur til nefndarinnar í máli nr. 4/2021, Ásabraud 40.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Yfirfasteignamatnefnd, dags. 9. apríl 2021 þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins vegna kærur til nefndarinnar í máli nr. 4/2021, Ásabraud 40.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl. að senda inn umsögn og gæta hagsmuna sveitarfélagsins.

10. Lög um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra.

Lagt fram til kynningar.

11. Vegaúttekt.

Fyrir liggja glærur frá kynningarfundum Ólafs Guðmundssonar frá 13. apríl 2021, þar sem farið var annars vegar yfir vegaúttekt sem gerð var í sveitarfélaginu árið 2016 og hins vegar mögulega vegaúttekt árið 2021. Sveitarstjórn vísar málinu til vinnu við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs.

12. Bréf frá Oddi Árnasyni, yfirlögregluþjón ásamt minnisblaði um mögulega tilhögun á uppsetningu myndavéla í almannarými og véla sem búnar eru til númeralesturs.

Fyrir liggur bréf frá Oddi Árnasyni, yfirlögregluþjón, dagsett 9. apríl 2021 ásamt minnisblaði um mögulega tilhögun á uppsetningu myndavéla í almannarými og véla sem búnar eru til númeralesturs. Bréfið lagt fram til kynningar.

13. Vöktun Þingvallavatns.

Fyrir liggja árlegar niðurstöður úr verkefninu „Vöktun á lífríki og vatnsgæðum Þingvallavatns, gagnaskýrsla fyrir árið 2020“. Skýrslan ásamt fylgigögnum lögð fram til kynningar.

14. Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Sigurði Inga Jóhannssyni þar sem kallað er eftir upplýsingum um stöðu fjármála sveitarfélaga.

Fyrir liggur bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Sigurði Inga Jóhannssyni, dagsett 13. apríl 2021 þar sem kallað er eftir upplýsingum um stöðu fjármála sveitarfélaga. Bréfið lagt fram til kynningar.

15. Birt til umsagnar frá Fjármála- og efnahagsráðuneyti mál nr. 99/2021, „Stafrænt Ísland - stefna um stafræna þjónustu“.

Stefnan lögð fram til kynningar.

16. Birt til umsagnar frá Forsætisráðuneyti mál nr. 95/2021, „Drög að reglugerð um Jafnréttisráð - samráðsvettvang um jafnrétti kynjanna“.

Reglugerðin lögð fram til kynningar.

17. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um lýðheilsustefnu til ársins 2030, 645. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

18. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015-2026, 705. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

19. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands, 707. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram til kynningar.

20. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi), 708. mál.

Sveitarstjórn ítrekar fyrri bókun sína frá 3. febrúar s.l. og felur oddvita að skila inn umsögn við frumvarpið í samræmi við umræður á fundinum.

21. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (málsmeðferð virkjunarkosta í vindorku), 709. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

22. Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana., 712. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

23. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (níkótínvörur), 713. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

24. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum á málefnasviði mennta- og menningarmála (öflun sakavottorðs), 715. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

25. Beiðni Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um grunnskóla og framhaldsskóla (fagráð eineltismála), 716. mál.

Frumvarpið lagt fram til kynningar.

26. Önnur mál.

a) 2102075 - Minni-Borg lóð B L198597; 14 byggingareitir verði lóðir; Deiliskipulagsbreyting.

Lögð er fram að nýju umsókn frá Minni Borgum ehf. er varðar breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Í deiliskipulagsbreytingunni felst að skilgreindar eru lóðir í kringum 14 byggingarreiti sem fyrir eru innan deiliskipulagsins. Engar byggingar hafa verið byggðar innan umræddra byggingarreita. Óskað er eftir því að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Aðalfundur skógræktarfélags Grímsneshrepps

**Verður haldinn þriðjudaginn 11. maí kl. 20.00
í Félagsheimilinu Borg**
(með fyrirvara um sóttvarnarreglur v. covid)

Venjuleg aðalfundarstörf
Meðal annars kosning formanns
og ritara (átti að kjósa í fyrra)
Stjórnin

Fjórir nemendur Kerhólsskóla í leiksýningu

Leikfélag Sólheima frumsýndi á Sumardaginn fyrsta leikritið „Árar, álfar og tröll“ eftir Hannes Blandon og Guðmund Lúðvík Þorvaldsson, leikstjóra. Verkið er ævintýri sem fjallar um baráttukonuna Sesselju Hreindísi, sem á sér þann draum að opna barnaheimili þar sem allir geta lifað í sátt og samlyndi en þarf til þess fyrst að takast á við konungsríkið og alls kyns verur, svo sem tröll og álfa. Fjórir nemendur Kerhólsskóla taka þátt í sýningunni og standa sig með mikilli þrýði. Næstu sýningar verða laugardaginn 1. maí og sunnudaginn 2. maí. Sýningarnar hefjast klukkan 14:00. Miðasala er á www.solheimar.is



Texti og mynd MHH

Nemendurnir fjórir, frá vinstri, Davíð Máni, Þorbjörg Ásta, Kári og Sigurrós. Leikfélag Sólheima var stofnað 1931 og á því 90 ára afmæli í ár. Leikfélagið frumsýnir alla jafna alltaf á sumardaginn fyrsta en engin sýning var árið 2020 vegna heimsfaraldursins. Passað er vel upp á allar sóttvarnir á sýningunum.


Miðvikudaginn 21. apríl var starfsdagur í grunnskóladeild Kerhólsskóla en Frístund og leikskólinn voru opinn frá 08:15 til 16:15. Af því tilefni var búin til sérstök dagskrá fyrir Frístund til að brjóta daginn upp. Við heimsóttum meðal annars leikskólann, fórum í ruslatínslu um Borgarsvæðið, lékum okkur í íþróttahúsinu en hápunktur dagsins var heimsókn til björgunarsveitarinnar Tintrons þar sem Antonía Helga úr björgunarsveitinni tók á móti hópnum. Dagurinn heppnaðist einstaklega vel og fóru allir heim glaðir og sælir síðasta vetrardag og tóku vel á móti sumrinu á sumardaginn fyrsta með sínum fjölskyldum. Magnús Hlynur Hreiðarsson tók meðfylgjandi myndin á deginum.

Starfsfólk Frístundar Kerhólsskóla





Karólína Waagfjörð í fyrsta sæti



Karólína Waagfjörð Björnsdóttir, nemenda á miðstigi í Kerhólsskóla datt heldur betur í lukkupottinn þegar hún fékk nýlega tilkynningu um að hún hafi orðið í fyrsta sæti í bókasamkeppni í tilefni af því að 21. apríl voru 50 ár liðin frá því að Íslendingar fengu handritin aftur heim frá Danmörku. Sá viðburður markaði tímamót í Íslandssögunni og var táknrænn lokapunktur handritamálsins, en afhending handritanna fór fram í áföngum næstu 26 árin á eftir. Skil Dana á menningarverðmætum hingað til lands var einstakur viðburður í alþjóðlegu samhengi. Í tilefni af 50 ára tímamótunum var haldin handritasamkeppni barna og hlaut Karólína fyrstu verðlaun, sem er glæsilegur árangur. Fram kom í tilkynningu um verðlaunin að þau yrðu keyrð heima að dyrum þannig að það var ekki vitað þegar blaðið fór í prentun hver verðlaunin voru.

Á myndinni er Karólína með fartölvu þar sem kemur fram á skjánum að hún hafi unnið til verðlaunanna.

Texti og mynd MHH

Fjallskil 2

**Þegar halla að hausti fer
heiðin kallar löngum:
Hugurinn allur unír sér
upp til fjalla í göngum.**

Ásgrímur Kristinsson, Ásbrekku.

Yðar einlægur hefur löngum riðið til fjalls á haustin í hópi góðra og glaðra fjallmanna. Fyrstu fjallferðina fór ég sem fylgdarsveinn föður míns, Þorkels Bjarnasonar á Laugarvatni, aðeins ellefu ára gamall. Árið var 1965, og leitin var fyrsta Vesturleit á Laugdælafrétti. Aðrir fjallmenn voru Jón Sölvi á Apavatni (fjallkóngur), Friðgeir í Hólum, Palli á Hjálmsstöðum og Óli á Snorrastöðum. Þessir síðastöldu þrír voru um eða innan við tvítugt. Fjallmennirnir voru sem sagt sex, en í gömlu Dalbúð voru einungis 4 kojur. Þrengslin voru mikil, og ungu mennirnir Palli og Óli urðu að láta sér lynda að sofa á gólfinu fyrir aftan rúmstæðin, en barnið (ég) fékk að sofa í efri koju. Hundarnir munu hafa skriðið undir rúm.

Minnisstæður er hestakostur fjallkóningsins, sem var með þrjá „til reiðar“. Jón reið þó jafnan Reyki sínum frá Útverkum á Skeiðum, en teymdi Gamla-Brún og „folann“, brúnan efling á besta aldri, ættaðan frá Syðra-Vallholti í Skagafirði. Aldrei í ferðinni hafði Jón á Apavatni hestaskipti, Reykur dugði honum vel, margefldur forkur. Reyk hafði Jón keypt af föður mínum. Reykur hafði þá unnið smalahestaflokkinn á Vallamóti Hestamannafélagsins Trausta – í fyrsta og eina skiptið sem keppt var í þeirri grein (1960).

Faðir minn hafði Krumma sinn sem aðalhest, tinnusvartan og ódrepani þolgóðan viðsjálsgríp sem hann hafði keypt og fæddur var á Haugum í Stafholtstungum. Krummi var þó góðgengur og þægilegur ferðahestur, þegar sá gállinn var á honum. Höfðu þeir faðir minn og Krummi löngum eldað grátt silfur, og lét Krummi ekkert tækifæri ónotað til þess að reyna að koma manningum af sér.

Til marks um það eilífðarstrið er atvik sem varð í upphafi þessarar fyrstu fjallferðar minnar. Svoleiðis háttaði til, að fyrir ofan gömlu fjóshlóðuna í Lindarskógi á Laugarvatni var allhá og snarbrött moldarbrekka. Heyskap var nýlokið. Heyblásari stóð því á hlaðinu milli hlöðunnar og brekkunnar, og lágu blásararörin skáhallt uppí hlöðugatið. Lágt var undir rörin næst blásaranum, í mesta lagi að kæmist þar hestur undir.

Þabbi fer nú á bak Krumma og snýst hann fyrst á hlaðinu leiftursnöggt í ótal hringi, allt eftir bókinni. Næst tekur hann á rás upp á brekkubrúna, snýr sér þar á punktinum og stingur sér niður

brekkuna í háum bogastungum. Ekki dugði þetta til að ná manninum af sér, og ný áætlun verður til á augabragði hjá hestinum. Hann æðir stjórnlaust að heyblásaranum og stingur sér undir rörin, þar sem lægst var.

Viðstaddir urðu skelfingu lostnir þegar þeir sáu í hvað stefndi, en ekkert var hægt að aðhafast. Knapinn, sjö barna faðir, áttaði sig á seinustu stundu á einasta möguleikanum í stöðunni, greip yfir rörin og losaði sig úr ístöðunum, hékk svo á rörunum meðan klárinn yfirgaf samkvæmið. Hvorugan sakaði.

Þetta haust var hið síðasta sem farið var með trússhest. Öllum heimanbúnaði fjallmanna og heyi í pokum var komið sem haganlegast fyrir í og ofaná trússtöskunum. Fjallhesturinn minn að þessu sinni var Höttur nokkur, jarphöttóttur unghestur frá Grund í Svínadal. Hann hafði komið með okkur Laugvetningum í rekstri að norðan ótaminn sumarið 1964. Höttur átti eftir að reynast nokkuð fyrirhafnarsamur í tamningunni. Þessi fjallferð hefur trúlega átt að tryggja farsælan endi á þeirri vegferð, folinn átti að fulltemjast. Höttur reyndist bærilega á fjallinu og ekkert sögulegt henti í samskiptum okkar félaganna - og svo mikið er víst að aldrei kom hann mér af! En ævinlega neytti hann færiss að koma á mig höggi, þegar ég freistaði þess að komast á bak honum, og þurfti sérstakt lag við það. Þótt ég vílaði þetta ekki fyrir mér, minnst ég þess nú ekki að hafa fundist ég vera neitt afburða vel ríðandi, enda folinn tiltölulega óharðnaður að líkamsburðum, þótt harðskeyttur þætti til lundar.

Næstu fjallferðir fór ég í aðra Vesturleit á Laugardalsfrétti, þá á menntaskólaaldri - og var þá trúað til þess sem „reyndum fjallmanni“ að hafa fylgd af yngri bróður, fyrst Þorkeli og svo Hreini. Aðrir fjallmenn voru Jón í Eyvindartungu og Eyjólfur í Lækjarhvammi. Jón var fjallkóngur, en var hestlaus og hundlaus og keyrði trússbílinn! Hann bauð okkur bræðrum í nafið og ég þáði. Fyrst var nú hnerað rækilega en um það að fjallferðinni lauk var þetta farið að þykja allgott, minnir mig. Eyjólfur sat á Brúnskjóna sínum og leit hvorki til hægri né vinstri alla fjallferðina. Hann var orðinn ríggullorðinn þegar hér var komið sögu, og ekki til átakanna. Í minni fyrri ferð hafði faðir minn sagt mér vel til um helstu örnefni eins og nærri má geta. Að þessu sinni þurfti ég að glöggva mig betur á fjalli nokkru sem fyrir augu bar, og gerðist svo djarfur að spyrja Eyjólf hvað heita mundi. „Ég veit það nú ekki“, var svarið, „en það hefur alltaf verið þarna!“

Bjarni Þorkelsson

Kerhólsskóli tekur þátt í „Skjálftanum“ 15. maí

„Skjálftinn“ er nafn á hæfileikakeppni ungmenna í grunnskólum í Árnessýslu, sem fer fram í fyrsta sinn í Þorlákshöfn laugardaginn 15. maí næstkomandi.


Nemendur á elsta stigi Kerhólsskóla munu taka þátt og hafa stífar æfingar staðið yfir síðustu vikur. Skjálftinn er hæfileikakeppni ungmenna í grunnskólum á Suðurlandi sem fer fram í fyrsta sinn „Skjálftinn“ er litli bróðir „Skrekks“, sem er hæfileikakeppni sem haldin hefur verið fyrir ungmenntu í grunnskólum Reykjavíkurborgar í 30 ár. Sunnlendingum þótti kominn tími til að fleiri ungmenntu fengju þetta frábæra tækifæri sem felst í því að taka þátt í „Skrekki“ og bjuggu því til „Skjálftann“ í góðu samstarfi við Reykjavíkurborg. Framkvæmdastjóri „Skjálftans“ er Ása Berglind Hjálmarsdóttir í Þorlákshöfn. Hún segir að „Skjálftinn“ sé alfarið háður styrkjum og þátttökugjaldi skólanna svo hann standi undir sér. „Skjálftinn“ er samfélagslegt verkefni með sjálfbærni að leiðarljósi, búinn til með það að markmiði að hafa jákvæð áhrif á samfélag og menntun ungmenna. „Skjálftinn“ er ekki hagnaðardrifið. Reksturinn gengur út á það að allir sem að honum koma fái greitt fyrir sína vinnu og hægt sé að greiða allan kostnað. Það er einlæg von „Skjálftans“ og „Skrekks“ að fleiri hæfileikakeppnir byggðar á „Skrekki“ spretti upp víðar um landið,“ segir Ása Berglind.

Allar frekari upplýsingar um Skjálftann er að finna á heimasíðunni, www.skjalftinn.is

Texti: MHH



Nemendur elsta stigs Kerhólsskóla hafa verið duglegir að æfa sig fyrir „Skjálfann“ undir stjórn og leiðsögn Helgu Haraldsdóttur kennara, sem tók þessa ljósmynd í pizzuveislu eftir strangan æfingardag nýlega.



**Tökum að okkur
STÓR og smá verk:**
jarðvinnu - tætingu -
snjómokstur -
bílaflutninga,
jarðheflun &
fólksflutninga.

Feðgaverk

Jóhannes og Guðmundur
 Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115
 Email: verktaki89@gmail.com



Opnunartími:


Mánudaga:	09:30-17:30
Þriðjudaga:	09:30-17:30
Miðvikudaga:	09:30-17:30
Fimmtudaga:	09:30-17:30
Föstudaga:	09:30-17:30
Laugardaga:	11:00 -17:30
Sunnudaga:	12:00 -16:00

Tilboð eru auglýst á facebooksíðu verslunarinnar
www.facebook.com/VersluninMinniBorg
Sími: 551-7509

Hlökkum til að sjá ykkur kæru viðskiptavinir.

BÓKSAFN GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPS

LESTUR ER BESTUR



Opið fyrir eldri borgara á
mánudögum og fimmtudögum
frá kl. 11:15 til 12:30

Opið fyrir alla:

Þriðjudaga 15:30 til 16:30

Miðvikudaga 13:00 til 16:30

Fimmtudaga 13:30 til 14:10 og 15:30 til 16:30

VILT ÞÚ HLÚA AÐ LÍKAMA ÞÍNUM OG SÁL?

EF SVO, ÞÁ ER JÓGA KANNSKI EITTHVAÐ FYRIR ÞIG.

JÓGATÍMAR VERÐA Í
ÍRÓTTAHÚSINU Á SÓLHEIMUM
ÞRIÐJUDAGA OG FIMMTUDAGA
FRÁ KL. 17:30-18:30

EKKI ÞARF AÐ SKRÁ SIG, HELDUR ERU
TÍMARNIR ÖLLUM OPNIR,
JAFNT BYRJENDUM SEM PEIM SEM STUNÐAÐ
HAFU JÓGA ÁÐUR,
EN HÁMARKSFJÖLDI Í SAL MIÐAST VIÐ 20 MANNS.
VEGNA COVID ÁSTANDSINS ER ÆSKILEGT AÐ HVER OG
EINN MÆTI MEÐ SÍNA JÓGADÝNU OG
TEPPI FYRIR SLÖKUNINA.
EF EINHVERN VANTAR DÝNU VERÐA AUKADÝNUR Á
STADNUM.

HVER TÍMI KOSTAR KR. 1.000, EN EF TVEIR MÆTA ÆR
SÖMU FJÖLSKYLDU ER 50% AFSLÁTTUR FYRIR ANNAN
AÐILANN.

FREKARI UPPLÝSINGAR VEITIR KRISTÍN Í SÍMA:
8668696 EFTIR KL. 16:00
EDA Á NETFANGID KRISTINALBERTSDOTTIR@GMAIL.COM



MEÐ KÆRLEIKSKVEÐJU,
KRISTÍN B. ALBERTSDÓTTIR
JÓGAKENNARI



Nudd og Heilsustofan á Laugarvatni býður
uppá; Jákvæð sálfræði (therapy)
Markþjálfun, Heilsunudd, Meðgöngunudd,
Svæðameðferð.

Auktu vellíðan þína og styrkleika, á þessum
viðkvæmu tímum.

Hjartanlega velkomin.

Katrín Erla S. 862-4809

Komdu með!




ÞÆGILEGAR GÖNGULEIÐIR VIÐ ALLRA HÆFI ÞAR SEM HVER OG EINN
GETUR RÁÐIÐ HRAÐA OG TÍMALENGD Í NÆRUMHVERFI Í OG VIÐ BORGARSVÆÐIÐ
FARIÐ VERÐUR FRÁ ÍÐRÓTTAHÚSINU KL 16.15 Á ÞRIÐJUDÖGUM FYRSTA
GANGAN ER 2. FEBRÚAR 2021

ALLIR VELKOMNIR

MUNUM AÐ KLÆÐA OKKUR EFTIR VEDRI.
HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ YKKUR, VIRÐUM TVO METRANA OG ALLAR
SÓTTVARNAEGLUR

KVENFÉLAG GRÍMSNESHREPPS



Saumakompan

TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALÐAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642

Vortiltekt

Lögbýlum og fyrirtækjum í Grímsnes- og
Grafningshreppi býðst að fá til sín annars vegar
járnagám og / eða timburgám í maí og júní.

Miðað er við að hver gámur geti verið á staðnum
í allt að 7 daga.

Panta þarf gámana annað hvort í síma 480-5500
eða með tölvupósti á steinar@gogg

Gámarnir eru endurgjaldslausr í tilefni af
hreinsunaráttakerinu Hreint Suðurland sem
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur umsjón með.



„Koma svo!“ er göngu- og skokknámskeið fyrir byrjendur



Í maí verður í uppsveitunum fjarnámskeið fyrir þá sem vilja byrja að hreyfa sig reglulega. Við verðum með lokaðan fésbókarhóp þar sem þátttakendur fá hvatningu og faglega aðstoð. Vertu með á þínum forsendum, aðalmálið er að mæta sumrinu í betra formi og með bros á vör.

Fyrir þá sem vilja áskoranir þá endum við námskeiðið með því að taka þátt í Miðfellshlaupinu á Flúðum sem er göngu- og skemmtiskokk til styrktar Ljósínu. Ljosið er endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þess.

Nánari upplýsingar má finna á fésbókarhópnum:

„Heilsueflandi uppsveitir“

Gunnar Gunnarsson
Íþrótt- og heilsufræðingur



Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað

OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS ALLAN SÓLARHRINGINN

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa –
Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní –
Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.



Glansmyndir er ný myndakassaleiga sem býður upp á glæsilega myndakassa fyrir öll tilefni.

Við bjóðum nú upp á snertilausan myndakassa þar sem þú getur stýrt kassanum beint úr símanum þínum.

Fermingartilboð 2021

Myndakassi og bakgrunnur á 30.900 kr.

Veldu stærri pakkann í bókunarferlinu
og notaðu kóðann: ferming2021



GIF myndir



Boomerang



SMS deiling



QR kóði



Bakgrunnur

GRUNNPAKKINN

Uppsetning og frágangur
SMS & QR Kóði
Myndir-GIF-BOOMERANG
Myndir aðgengilegar á lokuðu svæði
Bakgrunnur að eigin vali



kr. 34.900

STÆRRI PAKKINN

Uppsetning og frágangur
SMS & QR Kóði
Myndir-GIF-BOOMERANG
Myndir aðgengilegar á lokuðu svæði
Bakgrunnur að eigin vali



kr. 39.800

ALLUR PAKKINN

Uppsetning og frágangur
SMS & QR Kóði
Myndir-GIF-BOOMERANG
Myndir aðgengilegar á lokuðu svæði
Bakgrunnur að eigin vali
Myndaprentari (100 myndir)



kr. 49.800

www.glansmyndir.is

Grímsnes– og Grafningshreppur auglýsir eftir sumarstarfsmanni í Áhaldahús

**Viðkomandi þarf að hafa
bílpróf og vinnuvélaréttindi**

- ✓ Frekari fyrirspurnir má senda á sveitarstjori@gogg.is
- ✓ Umsóknum skal fylgja ferilskrá.
- ✓ Umsókn þarf að berast fyrir 20. maí 2021 á netfangið sveitarstjori@gogg.is



ÍPRÓTTAMÍÐSTÖÐIN BORG

SUMAROPNUN

HÆTT ER AÐ HLEYPA OFAN
Í LAUGINA 20 MÍNÚTUM
FYRIR LOKUIN

MÁNUDAGA – FIMMTUDAGA
10:00 – 21:30

FÖSTUDAGA, LAUGARDAGA
OG SUNNUDAGA
10:00 – 18:00

Netfang:
sundlaug@gogg.is
Sími 480-5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi
netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is